

**Efni:** Umsögn Isavia um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 79/2012

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 5. gr. laganna, svo sem eins og að tiltaka Parísarsamninginn sérstaklega, fella niður tímamark á endurskoðun aðgerðaáætlunar og breyta samsetningu á verkefnisstjórn sem Isavia gerir ekki athugasemdir við. Félagið vill þó gera athugasemdir við tvö atriði.

Í fyrsta lagi að felld er niður sú skylda að kostnaðarmeta aðgerðaáætlun eins og er skylt samkvæmt núverandi lögum. Í greinargerð með lögum nr 70/2012 segir um kostnaðarmat aðgerðaáætlunar að „Slíkt kostnaðarmat væri t.d. hægt að hafa til hliðsjónar við gerð fjárlaga þannig að framgangur þeirra aðgerða sem í áætluninni er verði auðveldar tryggður“. Í greinargerð með fyrirleggjandi frumvarpi er ekkert fjallað um hvað veldur þessari breytingu og verður að gera athugasemd við það. Kostnaðarmat einstakra aðgerða, jafnvel þó gróft sé, hlýtur að vera til þess fallið að auka líkur á að aðgerðir nái fram að ganga. Liggi annað fyrir sem útskýrir þessa breytingu væri eðlilegt í anda vandaðrar lagasetningar og gagnsæis að fjalla um það í greinargerð með frumvarpinu. Þá er ekki síst mikilvægt í þeim tilvikum sem öðrum aðilum en hinu opinbera er ætlað að bera ábyrgð á framkvæmd einstakra aðgerða að kostnaður þess sé metinn í samráði við þá aðila og liggi fyrir áður en slíkt er ákveðið.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að fella niður þá skyldu sem er í núverandi lögum til samráðs við hagsmunaaðila við gerð aðgerðaáætlunarinnar. Isavia gerir alvarlega athugasemd við þessa breytingu sem er ekki rökstudd eða fjallað um í greinargerð með frumvarpinu. Samráð við alla hagsmunaaðila er afar mikilvægt til að tryggja sátt um og framgang aðgerðaáætlunar. Þá er það hluti af samráði að fá inn hugmyndir og upplýsingar frá hagsmunaaðilum, enda geta hagsmunaaðilar oft og tíðum haft eitthvað til málanna að leggja sem bætt getur slíka vinnu auk þess sem það er hluti af því að halda þeim upplýstum um þá vinnu sem er í gangi og getur snert þá beint.


Lögð er til ný 5. gr. a. um aðlögun að loftslagsbreytingum þar sem ráðherra er ætlað að láta vinna áætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum. Félagið fagnar þessu en bendir á að inn í ákvæðið vantar alla nánari útfærslu. Almenn orðalag um að ráðherra setji nánari reglur um gerð og eftirfylgni áætlunar telst varla uppfylla kröfur um skýrleika og efnisafmörkun reglugerðarheimilda.

Í nýrri 5. gr. b. sem lögð er til er fjallað um loftslagsráð. Þar vekur athygli að ekki kemur fram hvernig ráðið skal skipað, heldur er ráðherra ætlað að ákveða það í reglugerð ásamt nánari útfærslu á hlutverki og störfum ráðsins. Núverandi loftslagsráð situr samkvæmt þingsályktunartillögu þar um þar sem tilgreint er sérstaklega hverjir eiga fulltrúa í ráðinu. Ef ætlunin er að gera breytingar á því væri rétt að það kæmi fram í frumvarpinu. Í ljósi þess að ráðinu er ætlað það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf í loftslagsmálum verður að teljast óheppilegt að það sé látið ráðherra eftir að kveða á um skipan, hlutverk og störf. Sjálfstæði ráðsins er forsenda veitingu aðhalds. Eðlilegast væri að skipanin, þ.e. hverjir sitja í ráðinu og hvernig þeir aðilar eru valdir, væri ákveðin í lögum sem og

hlutverkið en eftir atvikum getur verið rétt að ráðherra setji ráðinu starfsreglur og þá væntanlega í samráði við ráðið sjálft.

Það má öllum vera ljóst að loftslagsmál eru stærsta viðfangsefni samtímans. Það er því fagnaðarefni að fram er komið frumvarp til að styrkja og efla stjórnsýslu loftslagsmála. Því miður felur frumvarpið einnig í sér, samkvæmt orðanna hljóðan, að dregið verður úr samráði og gagnsæi. Það er málaflokknum ekki til framdráttar og engan veginn í samræmi stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar þar sem segir í kaflanum um loftslagsmál að lögð verði áhersla á þátttöku allra geira samfélagsins og almennings í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Virðingarfyllt,  
Fh Isavia ohf.,



Glóey Helgudóttir Finnsdóttir lögfræðingur